

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 24. apríl 2019 í máli nr. E-234/2015:

Datacell ehf. og

(Jóhann Fannar Guðjónsson lögmaður)

Sunshine Press Productions ehf.

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

gegn

Valitor hf.

(Ólafur Eiríksson lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið að lokinni aðalmeðferð þess 27. mars sl., var höfðað 16. janúar 2015 af Datacell ehf., Síðumúla 28 í Reykjavík, og Sunshine Press Productions ehf., Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ. Stefndi er Valitor hf., Dalshrauni 3 í Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnenda í málinu eru *aðallega* þær að stefnda verði gert að greiða Sunshine Press Productions ehf. 7.698.931.792 krónur og Datacell ehf. 405.206.936 krónur. *Til vara* er þess krafist að stefndi greiði Sunshine Press Productions ehf. 3.495.026.310 krónur og Datacell ehf. 183.454.927 krónur. *Til þrautavara* er krafist greiðslu 1.267.825.851 krónu til Sunshine Press Productions ehf. og 66.727.676 króna til Datacell ehf. Að þessum kröfum frágengnum gera stefnendur loks, *til þrautþrautavara*, kröfu um að stefnda verði gert að greiða stefnendum bætur sem ákveðnar verði að álitum. Í öllum tilvikum er gerð krafa um vexti samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 9. maí 2013 til 19. júlí 2013 og dráttarvaxta samkvæmt III. kafla sömu laga af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst *aðallega* frávísunar málsins frá dómi en til vara sýknu af kröfum stefnenda. Þá krefst stefndi þess að stefnendur verði dæmdir óskipt til að greiða honum málskostnað.

Með úrskurðum dómsins 4. nóvember 2016 og 31. janúar 2018 var kröfum stefnda um frávísun málsins frá dómi hafnað.

I.

Mál þetta er höfðað til heimtu skaðabóta úr hendi stefnda Valitors hf. í kjölfar þess að Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu í dómi frá 24. apríl 2013, í máli nr. 612/2011, að stefnda hefði brotið heimild til að rifta samstarfssamningi sínum við stefnanda Datacell ehf. frá 15. júní 2011 um greiðslugátt. Þeim samningi rifti stefndi, með tölvubréfi 8. júlí 2011, með vísan til þess að að Datacell hefði brotið gegn almennum viðskiptaskilmálum og að alþjóðlegar kortasamsteypur heimiluðu ekki þjónustu sem stefndi sinnti fyrir Wikileaks og ekki hefði verið tilgreind í umsókn. Stefnandi Datacell höfðaði þá mál gegn stefnda og krafðist þess að félaginu yrði gert að opna greiðslugáttina samkvæmt samningi þeirra að viðlögðum dagsektum. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að stefnandi hefði í framhaldi af umsókn sinni um þjónustu stefnda veitt upplýsingar sem bæru greinilega með sér til hvers stefnandi hefði ætlað að nota greiðslugáttina. Þar sem stefndi hefði allt að einu opnað fyrir aðgang að greiðslugáttinni hefði stefnandi mátt leggja til grundvallar að stefndi liti svo á að starfsemin félli innan marka þeirrar lýsingar sem fram kom í umsókn stefnanda og samningi þeirra og væri samrýmanleg ákvæðum almennra viðskiptaskilmála stefnda. Í samræmi við þessa niðurstöðu taldi Hæstiréttur að stefnda hefði brotið heimild til að rifta samningnum við Datacell og að ekki væru efni til að telja stefnda geta losnað undan samningnum vegna atvika sem valdið gætu ógildingu hans. Var stefnda því gert að opna greiðslugátt samkvæmt samningi aðilanna að viðlögðum dagsektum að fjárhæð 800.000 krónur.

Í samningi milli stefnanda, dagsettu 1. október 2010, kemur fram að Datacell ehf. sé félag sem bjóði viðskiptavinum sínum upp á hýsingu tölvukerfa og hugbúnaðar fyrir þessi tölvukerfi en stefnandi Sunshine Press Productions ehf. sé félag sem hafi „þann megintilgang að framleiða, birta og miðla efni“. Þá segir í samningnum að Sunshine Press Productions „annast framleiðslu fyrir og þjónustar WikiLeaks verkefnið“. Um Wikileaks segir að það séu alþjóðleg samtök sem birti einkagögn, leynileg gögn og trúnaðargögn sem þeim séu látin í té af nafnlausum heimildarmönnum.

Samkvæmt samningnum skyldi Datacell veita Sunshine Press Productions ýmiss konar tæknilega þjónustu tengda Wikileaks-verkefninu og vefsíðu þess. Í samningnum er enn fremur kveðið á um að stefnandi Datacell ehf. skuli gera stuðningsaðilum Wikileaks-verkefnisins „kleift að veita WikiLeaks fjárframlög í gegnum greiðslugátt DC“ en „megintilgangur fjárframlaga í gegnum greiðslugáttina sé að greiða fyrir tæknilega aðstoð, hýsingu og rekstur WikiLeaks“. Í þessu skyni er kveðið á um það í samningnum að fyrir hýsingu og tæknilega þjónustu muni Sunshine Press Productions greiða Datacell fyrir þjónustuna

samkvæmt gjaldskrá Datacell sem fylgi sem viðauki við samninginn. Þá muni Sunshine Press Productions greiða fyrir aðgang að greiðslugátt Datacell en halda eftir 95% af veltunni.

Stefndi Datacell ehf. gerði samning við Kortþjónustuna hf. í því skyni að afla fjárframlaga í samræmi við framangreindan samning. Bárust framlög í gegnum þá greiðsluleið frá 22. október til 7. desember 2010, þegar Kortþjónustan sagði þeim samningi upp frá og með 8. desember s.á.

Samkvæmt samstarfssamningi stefnda við stefnanda Datacell ehf. frá 15. júní 2011 um greiðslugátt, sem vikið er að hér að framan, tók stefndi að sér að færsluhirða kortafærslur af vefsíðu stefnanda Datacell ehf. Samkvæmt samstarfssamningnum var þjónustugjald stefnda vegna greiðslugáttarinnar 2% og átti stefndi að draga það frá heildarfjárhæð hvers uppgjörstímabils samkvæmt 17. kafla viðskiptaskilmála stefnda sem giltu um samstarfssamninginn. Í 21. kafla viðskiptaskilmálanna voru fyrirmæli um gildistíma, lok og uppsögn samstarfssamningsins.

Opnað var fyrir greiðslugáttina sem um ræðir 7. júlí 2011 og fyrstu framlögin munu hafa borist kl. 15:35 að íslenskum tíma. Greiðslugáttinni var lokað rúmlega sjö klukkustundum síðar eða kl. 22:45 sama dag. Á þeim tíma var tilkynnt um 99 styrktarframlög með greiðslukortum. Nam heildarfjárhæð þeirra 3.830 evrum. Með tölvupósti daginn eftir, 8. júlí 2011, tilkynnti stefndi stefnanda Datacell ehf. að hann hefði ákveðið að segja samstarfssamningi aðila upp og tæki uppsögnin samstundis gildi. Ástæða uppsagnarinnar var sögð sú að Datacell ehf. hefði brotið gegn almennum viðskiptaskilmálum stefnda og sú staðreynd að alþjóðlegu kortasamsteypurnar heimiluðu ekki þjónustu sem félagið sinnti fyrir hönd Wikileaks og ekki hefði verið tilgreind í umsókn þess.

Datacell ehf. mótmælti uppsögn samningsins og höfðaði mál gegn stefnda og krafðist þess að hann opnaði fyrir greiðslugáttina að nýju. Því máli lauk, sem fyrr segir, með dómi Hæstaréttar Íslands 24. apríl 2013 í máli nr. 612/2012, og var niðurstaðan sú að stefnda hefði brostið heimild til að rifta samningunum, svo sem gert var 8. júlí 2011, og var honum gert að opna greiðslugáttina á ný að viðlögðum dagsektum.

Í samræmi við dóm Hæstaréttar opnaði stefndi að nýju fyrir greiðslugáttina 9. maí 2013. Eftir að greiðslugáttin var opnuð að nýju barst stefnda fjöldi krafna um bakfærslur frá korthöfum. Með bréfi 27. júní 2014 krafði stefndi Datacell ehf. um endurgreiðslu vegna þessara bakfærslna en þar sem sú endurgreiðsla barst ekki

var greiðslugáttinni lokað 21. júní sama ár með vísan til viðskiptaskilmála stefnda.

Með bréfi 18. júní 2013 kröfðu stefnendur stefnda um skaðabætur vegna riftunarinnar, samtals að fjárhæð 8.862.177.950 kr., og er krafan nánar sundurliðuð í bréfinu. Til stuðnings fjárhæð bótakröfunnar vísuðu stefnendur einkum til skýrslu sem Veritas ráðgjöf slf. hafði unnið að þeirra beiðni. Í skýrslunni, sem unnin er af Sigurjóni Þorvaldi Árnasyni, er samanlagt reiknað tjón stefnenda talið vera á bilinu 1.393.513.831 til 8.462.177.930 krónur.

Stefndi hafnaði alfarið þeirri kröfu með bréfi 28. júní 2013. Ágreiningur um bótaskyldu stefnda er tilefni málshöfðunar stefnenda.

II.

Um rekstur málsins fyrir dómi eftir þingfestingu þess er það að segja að stefnendur lögðu fram matsgerð dómkvaddra matsmanna í þinghaldi 17. mars 2016 á ensku og 7. apríl 2016 í íslenskri þýðingu. Þá breyttu stefnendur kröfugerð sinni með hliðsjón af niðurstöðu matsgerðarinnar. Matsgerðarinnar var aflað í sérstöku dómsmáli á milli sömu aðila, M-123/2014 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, með vísan til 3. mgr. 61. gr. laga nr. 91/1991. Stefnendur óskuðu þar eftir mati á ætluðu tjóni hvors þeirra um sig vegna lokunar á greiðslugátt Datacell ehf. hjá stefnda „til söfnunar fjárframlaga til Wikileaks í þá 671 daga sem liðu frá því að henni var lokað þann 8. júlí 2011 þar til hún opnaði að nýju þann 9. maí 2013“. Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, Jóns Scheving Thorsteinssonar og Russel Lamb, lá fyrir 4. mars 2016, þess efnis að tjón stefnanda Sunshine Press Productions ehf. sé á bilinu 2.938.158.943 króna til 3.495.026.310 króna. Þær fjárhæðir eru byggðar á greiningu matsmanna á áætluðum styrktarframlögum með hliðsjón af raunverulegum framlögum sem bærust annars vegar í gegnum umrædda greiðslugátt stefnanda Datacell ehf. hjá stefnda á meðan opnun hennar varði 7. júlí 2011 og hins vegar í gegnum greiðslugátt stefnanda Datacell ehf. hjá Kortu á tímabilinu 25. nóvember 2010 til 7. desember 2010, að frátöldum dögum 29. og 30. nóvember 2010. Auk þess er gert ráð fyrir tilteknum vexti heildarframlaga á tímabilinu og enn fremur reiknað með tilteknum vöxtum á töpuð styrktarframlög. Tjón stefnanda Datacell ehf. er reiknað sem hlutfall af tjóni stefnanda Sunshine Press Productions ehf. á grundvelli samnings aðila um að fyrrnefnda félagið fengi 5% þóknun fyrir þjónustu sína frá síðarnefnda félaginu, eða á bilinu 154.405.059 til 183.454.927 krónur.

Að ósk stefnda voru dómkvaddir yfirmatsmenn í þinghaldi 18. nóvember 2016, þeir Sigurður Ingólfsson, Gylfi Zoëga og Einar Guðbjartsson. Í matsbeiðni tók stefndi fram að hann teldi matsgerð þá er fyrir lægi ranga auk þess sem annmarkar hefðu verið á framkvæmd matsins. Tilgangur með yfirmatsgerð væri að fá hnekkt niðurstöðu þeirrar matsgerðar sem fyrir lægi um ætlað tjón stefnenda. Tók matsbeiðnin nánar til tekið til þess að metið yrði fjártjón sem stefnendur teldu sig hafa orðið fyrir vegna lokunar stefnda á greiðslugátt stefnanda Datacell ehf. hjá félaginu á tímabilinu 8. júlí 2011 til 9. maí 2013. Í þinghaldi 30. mars 2017 upplýsti stefndi að yfirmatsmenn hefðu lokið störfum en hann varð ekki við áskorun stefnenda um að leggja matsgerð þeirra fram.

Með úrskurði Landsréttar 17. júlí 2018, í máli nr. 419/2018, var staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að synja stefnda um dómkvaðningu tveggja matsmanna til að leggja mat á atriði sem tilgreind voru í nýu tölusettum spurningum í matsbeiðni. Áður en til þeirrar niðurstöðu kom höfðu yfirmatsmenn verið kvaddir fyrir héraðsdóm sem vitni til þess að gefa skýrslu um það til hvaða atriða þeir hefðu tekið afstöðu í yfirmatsgerðinni. Niðurstaða Landsréttar var reist á því að ljóst væri að yfirmatsmenn hefðu þegar lagt mat á þau atriði sem óskað var svara um í fimm fyrstu matsspurningunum. Allar lutu þær að hagnaðarmissi stefnenda vegna lokunar stefnda á greiðslugátt Datacell ehf. hjá stefnda á tímabilinu 8. júlí 2011 til 9. maí 2013. Öðrum matsspurningum var einnig hafnað. Annars vegar var það gert með vísan til 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991, enda væri engin þörf á því að sanna staðhæfingar um atvik sem óumdeild væru. Hins vegar var vísað til þess að matsspurningarnar lytu að atriðum sem stefnandi gæti aflað sönnunar á með úrræðum sem honum væru tæk samkvæmt 2. þætti laga nr. 91/1991.

III.

Stefnendur krefjast þess að stefnda verði gert að bæta þeim fjárhagstjón sem hlotist hafi af ólögumatri lokun stefnda á greiðslugátt stefnanda Datacell ehf. sem sett hafði verið upp til söfnunar fjárframlaga með greiðslukortum til stefnanda Sunshine Press Productions ehf. vegna WikiLeaks uppljóstrunarsíðunnar. Tjón stefnenda felist í tekjutapi því tengdu í 671 dag sem liðið hafi frá því að greiðslugáttinni var lokað 8. júlí 2011 uns hún var opnuð að nýju 9. maí 2013. Tjón stefnanda Sunshine Press Productions ehf. felist í glötuðum styrktarframlögum á þessu tímabili en tjón stefnanda Datacell ehf. í glataðri þóknun vegna greiðsluþjónustu fyrir þau fjárframlög. Sá litli straumur fjárframlaga sem hafi komið eftir að gáttin hafi verið opnuð á ný, 9. maí 2013, gefi enga mynd af því sem

hefði getað orðið ef ekki hefði komið til lokunar stefnda. Staðfest hafi verið með dómi Hæstaréttar 24. apríl 2013, í máli nr. 612/2012, að lokun stefnda á umræddri greiðslugátt hafi verið ólögmat þar eð stefnda hefði brostið heimild til að rifta samningi þar um. Bótaskylda stefnda liggja því mjög ljóst fyrir.

Fjárhæð aðalkröfu stefnenda er byggð á niðurstöðu skýrslu Veritas ráðgjafar slf., sem unnin var fyrir stefnendur vegna undirbúnings málshöfðunar í máli þessu. Í skýrslunni sé reiknað út tjón Datacell ehf. og Sunshine Press Productions ehf. vegna Wikileaks, vegna lokunar á greiðslugáttinni dagana 671 sem hún varði. Aðalkrafan taki þannig mið af hæstu útreikningum á tjóni stefnenda í skýrslunni, sem miðast við að töpuð fjárframlög hvern lokunardag hafi verið jafnhá framlögum sem bárust síðasta daginn sem greiðslugátt stefnda Datacell hjá Kortþjónustunni hf. var opin allan sólarhringinn, þ.e. 7. desember 2010. Þann dag hafi safnast 76.290 evrur frá 3003 aðilum. Tjón stefnanda Sunshine Press Productions ehf. sé samkvæmt þeim útreikningi 7.698.931.792 krónur en tjón stefnanda Datacell ehf. 405.206.936 krónur, reiknað í íslenskum krónum miðað við meðaltal gengis evru á tímabilinu 8. júlí 2011 til 9. maí 2013.

Varakrafa stefnenda er byggð á efri mörkum í niðurstöðu matsgerðar dómkvaddra matsmanna frá 4. mars 2016 um að tjón stefnanda Sunshine Press Productions ehf. næmi 3.495.026.310 krónum en stefnanda Datacell ehf. 183.454.927 krónum.

Prautavarakrafa stefnenda miðast við lægstu niðurstöðu um tjón stefnenda samkvæmt skýrslu Veritas ráðgjafar slf. Tjón stefnanda Sunshine Press Productions ehf. samkvæmt þeim útreikningi sé 1.267.825.851 króna en tjón stefnanda Datacell ehf. 66.727.676 krónur. Við þá útreikninga sé miðað við meðaltal fjárframlaga á klukkustund sem bárust á meðan gátt stefnda var opin og reiknað með sama fjárstreymi allan lokunartímann.

Verði ekki fallist á forsendur framangreindra dómkrafna byggja stefnendur á því að dæma beri þeim bætur að álitum. Við mat á fjárhæð bótanna beri að hafa í huga að tjónið sem stefndi hafi valdið þeim hafi haft afleiðingar á heimsvísu, þótt tjónsatburðurinn hafi átt sér stað hérlandis. Wikileaks uppljóstrunarsíðan og sú starfsemi öll eigi sér fjölmarga stuðningsmenn um allan heim. Stuðningsmenn samtakanna á samskiptasíðunni Facebook séu liðlega 2,5 milljónir og hafi hún 2,3 milljónir fylgjenda á Twitter. Þó aðeins lítið brot stuðningsmanna Wikileaks hafi viljað styðja starfsemi þess með litlum fjárframlögum í gegnum greiðslugátt stefnda Datacell ehf. hafi fjárhæðirnar strax skilað sér í milljónum og milljónatugum á nokkrum dögum. Meta verði tjón stefnenda í því alþjóðlega

umhverfi sem Wikileaks hafi starfað í.

Ekki hafi liðið langur tími frá því að greiðslugáttin hafi verið opnuð fyrir styrktargreiðslum uns henni hafi verið lokað. Fyrsta færslan hafi verið kl. 15:35 þann 7. júlí 2011. Skömmu síðar, eða 7 tímum og 19 mínútum síðar, hafi stefndi lokað gáttinni með ólögætum hætti kl. 22:54. Í framhaldi af dómi Hæstaréttar frá 24. apríl 2013, nánar tiltekið þann 9. maí 2013, hafi stefndi heimilað að opnað yrði fyrir greiðslugáttina að nýju. Gáttin hafi því verið lokað í 671 dag með ólögætum hætti. Um bótaskyld atvik sé að ræða og báðir stefnendur hafi orðið fyrir umtalsverðu fjárhagslegu tjóni.

Tjón stefnanda Sunshine Press Productions ehf. sé í fyrsta lagi fólgið í glötuðum styrktargreiðslum til félagsins frá velunnurum Wikileaks. Í öðru lagi felist það í víxlverkunum á milli birtinga Wikileaks og fjárframlaga, enda hafi áhrifamiklar og umfangsmiklar uppljóstranir á vegum Wikileaks áhrif til aukningar á framlögum til síðunnar. Þannig hafi lokun greiðslugáttarinnar hjá stefnda og áður hjá Kortþjónustunni leitt til stórfelldrar minnkunar rekstrarfjár hjá stefnanda Sunshine Press Productions ehf. og þar með með beinum hætti dregið úr getu þess til umfangsmikilla uppljóstrana og svo koll af kolli. Í þriðja lagi hafi háttsemi stefnda haft neikvæð áhrif á orðspor Wikileaks og tiltrú fólks á að styrktargreiðslur myndu skila sér til síðunnar. Auk þess hafi háttsemin haft langtímaáhrif sem hafi lýst sér í erfiðleikum við að afla styrkja í viðlíka mæli og unnt var fyrir lokun þegar greiðslugáttin var á endanum opnuð á ný.

Tjón stefnanda Datacell ehf. vegna lokunar stefnda sé hins vegar fólgið í glataðri þóknun vegna 5% hlutdeildar í styrktargreiðslum, sem annars hefði runnið til stefnanda Sunshine Press Productions ehf.

Þegar stefndi hafi lokað fyrir greiðslugáttina, 7 klukkustundum og 19 mínútum eftir að hún var opnuð, höfðu alls 99 aðilar styrkt Wikileaks um alls 3.830 evrur. Það svari til þess að meðalstyrktarfjárhæð hafi verið 38,7 evrur og að á hverri klukkustund hafi safnast að meðaltali 523,5 evrur, eða 12.563 evrur á dag. Því sé lýst í skýrslu Veritas ráðgjafar, sem stefnendur byggja á að þessu leyti, að töluverður vöxtur hafi verið í söfnuninni. Þannig hafi 1.465 evrur safnast á fyrri helmingi opnunartímans þann 7. júlí 2011, þ.e. frá kl. 15:35 til kl. 19:14, en 2.365 evrur á seinni helmingi hans, þ.e. frá kl. 19:15 til kl. 22:54. Eins megi greina að í kjölfar lokunarinnar hafi verið áframhaldandi vöxtur í framlögum fyrst um sinn, á meðan ekki hafi verið almenn vitneskja um að búið væri að loka fyrir móttöku framlaga. Þau framlög hafi hins vegar ekki komist í gegn. Þannig liggi fyrir að fyrstu 3 klukkustundir og 39 mínútur eftir lokun, þ.e. frá klukkan 22:55 til klukkan

2:34, hafi styrktarframlögum að fjárhæð 3.100 evrur verið hafnað vegna lokunarinnar. Sams konar stígandi megi sjá í framlögum sem hafi borist í gegnum greiðslugátt Kortabjónustunnar hf. á þeim tíma sem greiðslugátt hennar hafi verið opin. Vísa stefnendur til skýrslu Veritas ráðgjafar slf. í þessu efni og byggja á því að taka beri tillit til framangreinds vaxtar í framlögum við mat á tjóni stefnenda.

Þá vísa stefnendur til þess að taka verði tillit til víxlverkana sem séu á milli fjárframlaga og getu Wikileaks til að sinna hlutverki sínu. Með því að loka á nánast allt fjárstreymi til Wikileaks hafi mikill kraftur verið dreginn úr starfseminni. Í kjölfar lokunar greiðslugáttarinnar hafi reynst nauðsynlegt að draga verulega úr starfseminni vegna fjárskorts og í október 2011 hafi verið ákveðið að hætta útgáfustarfsemi Wikileaks til að geta fjármagnað málaferlin vegna lokunarinnar.

Útreikningur Veritas ráðgjafar slf. á minnsta mögulega tjóni, reiknuðu út frá meðaltali fjárframlaga á klukkustund þann tíma sem greiðslugátt stefnda var opin, sé varlegur með hliðsjón af því að Wikileaks hafi um 2,2 milljónir stuðningsaðila á Facebook og með tilliti til reynslu af samhengi árlegra styrkja og fjölda stuðningsaðila í tilfalli annarra samtaka sem rekin séu á sambærilegum grundvelli, svo sem Greenpeace og Amnesty International.

Bótakröfu sína byggja stefnendur á sakarreglu skaðabótaréttarins. Orsakatengsl milli hins ólögsmæta athæfis stefnda og tjóns stefnenda sé augljóst enda hafi það falist í því að loka fyrir styrktargreiðslur velunnara Wikileaks. Tjón stefnenda sé sennileg afleiðing af verknaði stefnda, enda hafi verið lokað fyrir greiðslugátt fyrir milljónir stuðningsmanna úti um allan heim vegna starfsemi sem vakið hafi gríðarleg viðbrögð. Birtingar Wikileaks á leynilegum skjölum og öðrum gögnum hafi leitt til alþjóðlegs uppnáms en um leið vakið mikla aðdáun og margar milljónir einstaklinga hafi haft mikla velþóknun á starfsemi síðunnar.

Stefnendur hafi samlagsaðild að máli þessu, enda sé um að ræða einn tjónsatburð og einn tjónvald, stefnda þessa máls, en sína hvora fjárkröfu stefnenda. Krafa stefnanda Datacell ehf. byggist á bótakröfu innan samninga, enda hafi þeir stefndi verið í samningssambandi. Samningurinn hafi hins vegar verið til hagsbóta fyrir og í þágu stefnanda Sunshine Press Productions ehf., sem þó eigi skaðabótakröfu í málinu utan samninga.

Um lagarök vísa stefnendur til almennra reglna skaðabótaréttarins, samninga- og kröfuréttar. Um málskostnaðarkröfu stefnanda er vísað til XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr. og 11. gr. laga nr. 76/2003. Um málsóknaraðildina er vísað til 19. gr. sömu laga.

IV.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskortu stefnanda Sunshine Press Productions ehf., sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefnendur byggir á því að tjón þeirra nemi tekjutapi sem hafi hlotist af lokun á greiðslugátt stefnanda, Datacell ehf., hjá stefnda. Tjón stefnanda Sunshine Press Productions ehf. nemi glötuðum styrktarframlögum, en tjón Datacell ehf. glataðri þóknun vegna greiðslu umræddra fjárframlaga. Með glötuðum styrktarframlögum sé vísað til framlaga til Wikileaks og byggist skaðabótakrafa stefnanda Sunshine Press Productions ehf. því á meintu tjóni Wikileaks. Wikileaks sé hins vegar ekki aðili að málinu og engin gögn hafi verið lögð fram sem sanni að stefnandi Sunshine Press Productions ehf. fari eða hafi farið með umboð til að gæta hagsmuna Wikileaks fyrir dómstólum hér á landi.

Stefnandi Sunshine Press Productions ehf. geti hvorki í eigin nafni né fyrir hönd Wikileaks haft uppi skaðabótakröfur á hendur stefnda, sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í stefnu sé byggt á því að sá stefnandi sé rekstrarfélag Wikileaks án þess að gögn hafi verið lögð fram sem styðji þá fullyrðingu. Af þeim ársreikningum sem stefnandinn Sunshine Press Productions ehf. hafi skilað frá því að félagið var stofnað fáist ekki séð að félagið hafi fært tekjur eða gjöld vegna rekstrar Wikileaks eða vegna söfnunar framlaga til rekstrar Wikileaks. Stefnandi Sunshine Press Productions ehf. sé því ekki réttur aðili málsins og beri af þeim sökum að sýkna stefnda af kröfum sem lúti að meintu tjóni Sunshine Press Productions ehf.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í öðru lagi á því að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu ekki uppfyllt í málinu. Kröfur stefnanda byggist á skaðabótaskyldu innan og utan samninga. Í hvoru tilviki fyrir sig beri stefnendur sönnunarbyrði fyrir því að stefndi hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi sem valdið hafi þeim tjóni. Þá beri stefnendur jafnframt sönnunarbyrði fyrir því að þeir hafi orðið fyrir því tjóni og að orsakatengsl séu á milli háttsemi stefndu og þess tjóns og að tjónið sé sennileg afleiðing af þeirri háttsemi. Stefnendur hafi ekki axlað þá sönnunarbyrði.

Í stefnu sé byggt á því að bótaskylda stefnda liggja ljós fyrir með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 612/2012. Stefnandinn Sunshine Press Productions ehf. hafi hins vegar ekki verið aðili að því dómsmáli. Hæstiréttur hafi því ekki tekið afstöðu til meintrar saknæmrar háttsemi stefnda gagnvart þeim stefnanda. Stefnandi

hafi aldrei verið í samningssambandi við stefnanda Sunshine Press Productions ehf., eða Wikileaks, og hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi gagnvart því félagi. Auk þess hafi verið lagðar fram nýjar upplýsingar í málinu, sem ekki hafi legið fyrir þegar umræddur dómur Hæstaréttar Íslands hafi gengið, um bakfærslur á viðskiptum stefnanda Datacell ehf. er greiðslugáttin hafði verið opnuð á nýjan leik, sem skipti verulega miklu máli við mat á saknæmri háttsemi stefnda.

Í þriðja lagi séu engin orsakatengsl á milli lokunar greiðslugáttarinnar og meints tjóns stefnanda. Stefnendur beri sönnunarbyrði fyrir þeim orsakatengslum, en skaðabótakröfur þeirra byggist á því að þeir hafi orðið fyrir tjóni vegna háttsemi stefnda, sem hafi leitt til þess að lokað hafi verið fyrir öll fjárframlög til Wikileaks. Með lokun stefnda á greiðslugáttinni hafi hins vegar aðeins lokast á eina af fjölmörgum leiðum til fjármögnunar Wikileaks. Greiðslugáttin hafi ekki verið eina fjármögnunarleiðin og þar af leiðandi séu ekki bein orsakatengsl á milli tjóns stefnanda og lokunar greiðslugáttarinnar.

Í þessu samhengi þurfi til þess að líta að í desember 2010 hafi Bank of America, Visa, MasterCard, PayPal og Western Union einnig lokað á móttöku framlaga til Wikileaks. Wikileaks hafi lýst því opinberlega yfir að fram hjá þeirri lokun hefði verið komist með því að taka við bitcoin-framlögum.

Á vefsíðu Wikileaks hafi auk þess jafnan verið bent á fjölmargar leiðir til að koma fjárframlögum til síðunnar. Þar sé vísað til þess að hægt sé að greiða fjárframlög með kreditkortum, með bitcoin, með litecoin, í gegnum Google Checkout, með tékkum og með millifærslum á bankareikning og jafnvel PayPal. Ekkert í málinu bendi til þess að umræddar greiðsluleiðir hafi ekki einnig staðið til boða á tímabilinu 8. júlí 2011 til 9. maí 2013 þegar greiðslugátt stefnanda Datacell ehf. hjá stefnda hafi verið lokað.

Þá bendi ekkert í málinu til þess að greiðslur með kreditkortum hafi verið mest notaða eða mikilvægasta greiðsluleiðin þegar kom að fjárframlögum til Wikileaks. Gögn málsins beri með sér að Wikileaks hafi auk þess sjálft upplýst í janúar 2014 að stærsti hluti framlaga til síðunnar ætti sér stað með bitcoin og litecoin, en á þeim tíma hafi verið opið fyrir greiðslugátt stefnanda Datacell ehf. hjá stefnda. Wikileaks hafi fengið veruleg framlög með bitcoin svo sem gögn málsins beri með sér. Hins vegar verði að hafa í huga að upplýsingar um bitcoin-framlög á opinbert heimilisfang Wikileaks gefi eingöngu takmarkaða mynd, enda sé hægt að greiða með bitcoin eftir óhefðbundnari leiðum.

Wikileaks hafi frá miðju ári 2012 getað tekið við framlögum með kreditkortagreiðslum í gegnum greiðslugátt franska kortafyrirtækisins Carte Bleue. Sú greiðslugátt hafi verið opin á hluta þess tímabils er greiðslugátt stefnanda Datacell ehf. hjá stefnda hafi verið lokað. Engin gögn hafi hins vegar verið lögð fram í málinu varðandi greiðslur í gegnum greiðslugátt Carte Bleue. Þá hafi stefnandi Datacell ehf. haft bankareikning hjá Arion banka hf. sem hafi verið opin fyrir fjárframlög, þ.á m. á þeim tíma er greiðslugátt félagsins hjá stefnda hafi verið lokað. Umræddur reikningur virðist hafa verið innlendur gjaldeyrisreikningur. Eins hafi stefnandi Sunshine Press Productions ehf. tekið á móti fjárframlögum í gegnum bankareikning sinn hjá Landsbankanum hf. Engar upplýsingar hafi heldur verið lagðar fram um það hvaða greiðslur stefnendur eða Wikileaks móttöku í gegnum þessa bankareikninga eða hvort aukning hafi verið á framlögum í gegnum þessa reikninga á meðan greiðslugáttin hjá stefnda var lokað. Ekkert liggi heldur fyrir um framlög til Wikileaks um tvo bankareikninga í nafni WAU Holland Stiftung.

Með hliðsjón af fjölda fjármögnunarleiða hafi lokun stefnda á einni af þessum fjármögnunarleiðum, í takmarkaðan tíma, ekki getað leitt til tjóns stefnenda. Sé það ósannað í málinu, en leiða mætti hins vegar líkur að því að ef ein fjármögnunarleið lokaðist þá myndi notkun á öðrum fjármögnunarleiðum aukast. Stefnendur hafi ekki lagt fram nein sönnunargögn í málinu sem bendi til annars. Vera megi að einstakir styrktaraðilar hafi haldið sig meira við eina fjármögnunarleið en aðra, en ekkert í málinu bendi til þess að slíkir aðilar hafi ekki beðið með sín framlög þar til sú leið opnaðist á nýjan leik og þá gefið aukið fjármagn. Þar fyrir utan hefðu stefnendur getað leitað enn annarra leiða til að taka við fjárframlögum og með hliðsjón af skyldu sinni til að takmarka tjón sitt hafi þeim borið að gera slíkt, til að mynda með því að semja við þriðja aðila um opnun greiðslugáttar eða nýta sér enn aðrar fjármögnunarleiðir. Verði stefnendur að bera hallann af því að hafa ekki gert það.

Í fjórða lagi byggir stefndi á því að meint tjón stefnenda sé ósannað. Stefnendur beri hins vegar sönnunarbyrði fyrir því að tjón hafi hlotist af meintri ólögmætri háttsemi stefnda og að þeir hafi orðið fyrir því tjóni. Stefnendur byggja aðalkröfur sínar í málinu á útreikningum Veritas ráðgjafar slf. Skýrslan hafi ekkert sönnunargildi enda hafi hennar verið aflað einhliða af stefnendum. Skýrslan byggist á þeirri forsendu meðal annars að aðgerðir stefnda hafi lokað fyrir nánast allt fjárflæði til Wikileaks. Eins og rakið hafi verið standist sú forsenda ekki.

Stefndi mótmælir alfarið sönnunargildi matsgerðarinnar sem vara- og þrautavarakröfur stefnenda byggjast á. Hún hvorki sanni né geri sennilegt að tjón hafi hlotist af tímabundinni lokun stefnda á greiðslugáttinni. Matsgerðarinnar hafi ekki verið aflað samkvæmt IX. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 við þingfestingu máls þessa 22. janúar 2015. Stefnendur hafi hins vegar lagt fram matsbeiðni í Héraðsdómi Reykjavíkur 11. desember 2014 og um hana hafi verið rekið sérstakt matsmál, M-123/2014. Það mál hafi verið tekið fyrir 6. mars 2014 og 8. apríl 2014. Þann dag hafi orðið að samkomulagi að Héraðsdómur Reykjavíkur dómkveddi Russel Lamb og Jón Scheving Thorsteinsson til matsstarfa. Í dómkvaðningunni hafi verið tekið fram að matsmenn skyldu ljúka mati sínu eins fljótt og kostur væri og eigi síðar en 1. október 2015. Ekkert liggi fyrir um það í málinu hvenær matsmenn hafi fengið tilkynningu um dómkvaðningu, sbr. 1. mgr. 60. gr. og 1. mgr. 79. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, né hvaða gögn matsmönnum voru afhent.

Matsmennirnir hafi engan matsfund haldið á árinu 2015 og látið duga að boða til fundar 1. febrúar 2016, þar sem „hugmyndafræði“ hafi verið kynnt og sú tölfræðilega aðferðarfræði sem þeir hefðu ákveðið að leggja til grundvallar mati sínu á tjóni stefnenda. Þessi framkvæmd matsmanna hafi ekki verið í samræmi við 2. mgr. 62. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sem býður matsmönnum að tilkynna aðilum svo fljótt sem vera má hvar og hvenær mat fari fram. Áður en matsfundur þessi hafi verið haldinn hafi matsmenn hins vegar verið í sambandi við lögmann matsbeiðanda, eins og ráða megi af matsgerðinni. Matsmennirnir hafi mátt afla sér gagna til að nota við matið, en um það hafi þeir haft samráð við lögmann stefnenda á árinu 2015, eins og fram komi í matsgerðinni. Stefndi hafi hins vegar ekki fengið tækifæri til þess að tjá sig um þau gögn sem stefnendur hafi afhent matsmönnum. Fari það í bága við 2. mgr. 62. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Matsmenn hafi ekkert athugað hvaða leiðir stefnendur og Wikileaks hafi haft til að afla fjár eftir lokun greiðslugáttar hjá stefnda 8. júlí 2011. Þeir hafi ekki heldur tekið tillit til þess að stefndi hafi opnað fyrir greiðslugáttina aftur frá og með 9. maí 2013 og haldið henni opinni til 21. júlí 2014. Hafi matið þannig ekki tekið mið af raunverulegum atburðum.

Matsgerðin sé röng og óstaðfest og hafi ekkert sönnunargildi um meint tjón stefnenda, enda hafi matsmönnum verið stýrt að þeirri niðurstöðu sem komist sé þar að af lögmanni stefnanda. Þar hafi verið tilgreindar ákveðnar forsendur fyrir matinu og matsmönnum aðeins útveguð gögn sem stutt gátu þá hugmynd stefnenda

að þeir hefðu orðið fyrir milljarða tjóni. Þannig sé það sérstaklega tekið fram í matsbeiðni að matsmönnum beri ekki að taka tillit til þess við mat á tjóni stefnanda Sunshine Press Productions ehf. að hægt hafi verið að styrkja Wikileaks gegnum greiðslugátt hjá Carte Bleue frá 18. júlí 2012. Þessi vinnubrögð stefnanda og matsmanna fari í bága við 1. mgr. 61. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Sammerkt sé með mati Veritas ráðgjafar slf. og mati hinna dómkvöddu matsmanna að í báðum tilvikum sé gerð tilraun til að meta tjón stefnanda vegna lokunar stefnda á greiðslugátt í 671 dag á grundvelli upplýsinga sem ná yfir afar skamman tíma. Þannig sé annars vegar byggt á gögnum um viðskiptasögu stefnandans Datacell ehf. og Kortþjónustunnar hf. frá tímabilinu 23. nóvember til 8. desember 2010 og hins vegar gögnum um færslur í gegnum greiðslugátt stefnda á því 7 klukkustunda og 19 mínútna langa tímabili sem gátt stefnda var opin 7. júlí 2011, auk gagna um hafnaðar færslur í 3 klst. og 39 mín. eftir að gáttinni hafði verið lokað. Ekkert mið sé hins vegar tekið af öðrum fjármögnunarleiðum Wikileaks, né gögnum um þær færslur sem hafi átt sér stað þegar stefndi opnaði greiðslugáttina á nýjan leik, þ.e. á tímabilinu 9. maí 2013 til 21. júlí 2014, en stærstur hluti þeirra færslna hafi falið í sér kortasvik. Stefndi gerir við þetta alvarlegar athugasemdir og byggir á því að niðurstaða sérfræðinga hefði verið allt önnur hefðu þessar staðreyndir verið teknar inn í matið.

Þá gerir stefndi jafnframt alvarlegar athugasemdir við þá aðferðafræði matsmanna að nota framlög um greiðslugátt stefnanda Datacell ehf. hjá Kortþjónustunni hf. sem forsendu líkindadreifingar framlaga til WikiLeaks, hið svokallaða „log-normal“. Val á log-normal dreifingu feli meðal annars í sér að útilokað sé að suma daga væri engum framlögum til að dreifa. Forsenda sú sem matsmenn gefi sér feli einnig í sér að algengasta gildi dreifingarinnar sé stærra en núll. Miðgildi dreifingar framlaga sé því ekki aðeins skekktt upp á við vegna hins sérvalda tímabils árið 2010, heldur sé skekkja í matinu af tæknilegum ástæðum sem tengist vali á líkindadreifingunni, eins og komi fram í ítarlegri umfjöllun um þessa vankanta á matsgerðinni í úttekt Analytica ehf. sem stefndi byggi málatilbúnað sinn á að þessu leyti. Þar komi fram að matsmennirnir hefðu getað sannreynt að forsenda líkindadreifingar framlaga hefði verið röng hjá þeim hefðu þeir skoðað gögn um viðskiptasögu stefnanda Datacell ehf. hjá stefnda frá 9. maí 2013 og þar til samstarfssamningi hans við stefnda hafi verið sagt upp 21. júlí 2014. Þau gögn geymi mikið af núllgildum, þ.e.a.s. annars vegar daga án framlaga og hins vegar kortaframlög sem handhafar korta hafi krafist bakfærslna á vegna svika, sem stefnanda Datacell ehf. hafi sérstaklega verið tilkynnt um í bréfi 27. júní 2014.

Bakfærslur framlaga á greiðslugátt stefnanda Datacell ehf. hjá stefnda, á grundvelli samningsins frá 15. júní 2011, hafi numið allt að þriðjungi af fjölda allra innsendra færslna og ennþá hærra hlutfalli með tilliti til fjárhæðar þeirra. Gögn málsins sanni að um fjölda núllgilda hafi verið að ræða, en það hafi mikil áhrif á útreikning meints tjóns stefnanda.

Fjárhæðir bótakrafna, sem grundvallaðar væru á viðskiptasamningi beint eða óbeint, yrðu ekki sannaðar með „viðurkenndum hagrænum og tölfræðilegum aðferðum“, svo sem matsgerð dómkvaddra matsmanna byggist á, ef forsendur hinna viðurkenndu hagrænu og tölfræðilegu aðferða hefðu verið valdar án þess að gefa raunveruleika viðskiptanna gaum annars vegar og rekstri og efnahag meintra tjónþola hins vegar.

Um tjón stefnandans Datacell ehf. sérstaklega virðist sem niðurstaða mats hinna dómkvöddu matsmanna sé röng um hlutfall þóknunar félagsins af framlögum til stefnanda Sunshine Press Productions ehf. Í matsgerð sé enda vísað til þess að 2% þóknun stefnda hafi átt að greiðast af heildarupphæð færslna áður en stefnandi Datacell ehf. fengi sín 5%. Væri því jafn líklegt að stefnandi Datacell ehf. hefði aðeins átt að fá 3% af framlögum til stefnanda Sunshine Press Productions ehf.

Í fimmta lagi sé ósannað að stefnendur hafi orðið fyrir tjóni. Jafnvel þó svo að dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu að eitthvert tjón hefði orðið vegna takmörkunar á aðgengi fjárframlaga til Wikileaks sökum lokunar stefnda á greiðslugáttinni sé augljóst af gögnum málsins að stefnendur hafi ekki orðið fyrir tjóni. Í samstarfssamningi stefnanda frá 1. október 2010 komi fram að stefnandi Sunshine Press Productions ehf. hafi þann megintilgang að framleiða, birta og miðla efni og annast framleiðslu fyrir og þjónustu Wikileaks en stefnandi Datacell ehf. hafi samkvæmt samningnum átt að annast tæknileg atriði fyrir Wikileaks. Þá hafi stefnandi Datacell ehf. einnig átt að gera stuðningsaðilum Wikileaks kleift að veita síðunni fjárframlög í gegnum greiðslugátt stefnanda Datacell ehf. Eins hafi stefnandi Sunshine Press Productions ehf. átt að greiða stefnanda Datacell ehf. fyrir tækniþjónustu samkvæmt gjaldskrá. Um greiðslu fyrir aðgang að greiðslugáttinni hafi sagt í samningnum: „[Sunshine Press Productions ehf.] mun greiða fyrir aðgang að greiðslugátt [Datacell ehf.] en heldur eftir 95% af veltunni.“

Ekki verði séð af ársreikningum stefnanda Datacell ehf. reikningsárin 2009 til og með 2012 að félagið hafi selt nokkra þjónustu. Ársreikningar stefnanda Sunshine Press Productions ehf. rekstrarárin 2009 til 2014 sýni ekki heldur fram á sölu eða þjónustu til Wikileaks, eða að félagið hafi tekið við greiðslum fyrir hönd síðunnar. Ekki verði heldur séð að stefnandi Sunshine Press Productions ehf. hafi

gert upp þóknun við stefnanda Datacell ehf. vegna tækniþjónustu þess við Wikileaks, hvað þá tekið við 95% af veltunni, eftir uppgjör Datacell ehf. við stefnda. Af ársreikningum stefnenda verði því ekki ráðið að stefnendur hafi orðið fyrir tjóni vegna lokunar greiðslugáttarinnar. Engar tekjur séu bókfærðar vegna þeirra tímabila sem þjónusta stefnda við stefnanda Datacell ehf. hafi verið óskert og hafi lokun á greiðslugáttinni þannig ekki haft nein áhrif á tekjur stefnenda.

Vaxta- og dráttavaxtakröfum stefnenda sé mótmælt. Í fyrsta lagi vegna þess að mánaðarlegir vextir séu lagðir á bótafjárhæð í matsgerð og þeir svo höfuðstólsfærðir. Stefnendur geti því ekki krafist vaxta á vara- og þrautavarakröfum sínar með vísan til 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, enda byggist þær á matsgerðinni. Dráttavaxtakröfum stefnenda af vara- og þrautavarakröfum, sem byggist á matsgerðinni, samræmist ekki 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Dráttavextir falli ekki á þær skaðabótakröfur fyrr en að liðnum mánuði frá 7. apríl 2016, er stefnendur hafi lagt fram matsgerðina. Þá geti þrautaþrautavarakrafa stefnenda fyrst borið vexti og dráttarvexti frá dómsuppsögudegi.

Um lagarök er vísað til almennra reglna kröfuréttar um skaðabætur innan og utan samninga. Þá er vísað til 16., 19. og 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem og IX. kafla þeirra laga, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, laga nr. 5/1977 um opinberar fjársafnanir og laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Um málskostnaðarkröfu er vísað til 129. gr., 130. gr. og 2. mgr. 132. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

V.

Í máli þessu krefjast stefnendur skaðabóta vegna tjóns sem byggt er á að hafi til komið vegna háttsemi stefnda, sem fólst í því að loka greiðslugátt stefnanda Datacell ehf. með ólögumætum hætti 7. júlí 2011, svo sem staðfest hefur verið með dómi Hæstaréttar frá 24. apríl 2013 í máli nr. 612/2012. Stefnendur byggja málatilbúnað sinn á því að sú háttsemi hafi falið í sér tjón innan samninga fyrir Datacell ehf. en hafi engu síður verið beint gegn stefnanda Sunshine Press Productions ehf. vegna Wikileaks. Hafi háttsemin þar af leiðandi falið í sér skaðabótaskyld tjón utan samninga gagnvart þeim stefnanda.

Við aðalmeðferð málsins gaf Kristinn Hrafnsson, stjórnarmaður í stefnanda Sunshine Press Productions, blaðamaður og ritstjóri Wikileaks, aðilaskýrslu.

Dómkvaddir matsmenn, Russel Lamb hagfræðingur og Jón Scheving Thorsteinsson stærðfræðingur, komu fyrir dóm og staðfestu matsgerð sína og gáfu skýrslu þar um. Þá gáfu vitnaskýrslur Jóhannes Ingi Kolbeinsson, fyrrum framkvæmdastjóri Kortþjónustunnar hf., og Ólafur Vignir Sigurvinsson, fyrrum framkvæmdastjóri stefnanda Datacell ehf. Verða skýrslur þeirra reifaðar eins og þurfa þykir vegna niðurstöðu máls þessa.

i.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í því samhengi er á því byggt að stefnandi Sunshine Press Productions ehf. sé ekki réttur aðili að dómsmálinu. Fjárframlögin sem farið hefðu í gegnum greiðslugátt stefnanda Datacell ehf. hefðu verið í þágu þriðja aðila, Wikileaks, en ekki stefnanda Sunshine Press Productions ehf. Ósannað sé að Sunshine Press Productions ehf. sé rekstrarfélag Wikileaks, svo sem haldið sé fram í stefnu, gæti hagsmuna eða hafi umboð þess félags eða samtaka til að innheimta kröfu vegna ætlaðs tjóns Wikileaks. Hafi stefnandi Sunshine Press Productions ehf. því ekki orðið fyrir því tjóni sem krafa hans í málinu hverfist um. Í ljósi þess að Wikileaks eigi ekki aðild að málinu beri að sýkna stefnda af öllum kröfum í málinu.

Í þessu efni er þess að gæta að fyrir liggur samningur milli stefnanda, dagsettur 1. október 2010, þar sem Datacell er falið að opna greiðslugátt fyrir meðstefnanda. Samkvæmt samningnum skyldi Datacell standa meðstefnanda skil á 95% þess fjár sem aflað yrði í gegnum greiðslugáttina. Er engum vafa undirorpið að á grundvelli þess samningssambands stofnaðist réttur Sunshine Press Productions ehf. á hendur Datacell til greiðslu þeirra fjármuna sem aflað var. Ekki verður fjallað um þá málsástæðu stefnda, sem fyrst var hreyft við aðalmeðferð málsins, að samningurinn sé ranglega dagsettur, enda of seint fram komin, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991.

Í framangreindum samningi segir að Sunshine Press Productions ehf. annist framleiðslu fyrir Wikileaks og veiti því þjónustu auk þess sem tekið er fram að megintilgangur móttöku fjárframlaga gegnum nefnda greiðslugátt sé að greiða fyrir tæknilega aðstoð, hýsingu og rekstur Wikileaks. Ólafur Sigurvinsson, sem ritar undir samninginn fyrir Datacell, og Kristinn Hrafnsson, sem undirritar hann fyrir Sunshine Press Productions, staðfestu báðir fyrir dómi að tilgangur greiðslugáttarinnar hefði verið að afla fjár til stuðnings starfsemi Wikileaks. Þá er

tilgangur Sunshine Press Productions ehf., svo sem honum er lýst í stofnsamningi félagsins, í samræmi við þá starfsemi sem Wikileaks stundar, þ.e. framleiðsla og dreifing fjölmiðlaefnis. Ennfremur liggur fyrir skrifleg yfirlýsing Julian Assange og Kristins Hrafnssonar, þess efnis að Sunshine Press Productions ehf. hafi verið ætlað að afla fjár til Wikileaks útgáfuverkefnisins, svo sem það er nefnt, og því lýst yfir að félagið hafi fullt umboð til málshöfðunar þessarar. Julian Assange er stofnandi Wikileaks og eigandi 94% hlutfjár í Sunshine Press Productions og Kristinn Hrafnsson er hluthafi í félaginu, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður þess og núverandi ritstjóri Wikileaks. Um tengsl Sunshine Press Productions ehf. við Wikileaks má af gögnum málsins að öðru leyti sjá að stuðningsaðilum Wikileaks hefur um árabil verið boðið að styrkja samtökin, m.a. með greiðslu inn á bankareikning í eigu Sunshine Press Productions ehf.

Jafnvel þótt fallast megi á þá staðhæfingu stefnda að ekki hafi verið sýnt fram á það með skýrum hætti hver eða hvaða félög standi að baki fjölmiðlun í gegnum vefsíðu Wikileaks, eða annarri starfsemi sem rekin er undir því nafni, er að mati dómsins nægjanlega í ljós leitt, með vísan til þess sem að framan er rakið, að stefnandi Sunshine Press Productions ehf. stóð að baki fjáröflun þeirri til styrktar Wikileaks sem ætlað var að nota umdeilda greiðsluleið í gegnum samning Datacell ehf. við stefnda. Framangreindur samningur milli stefnenda er grundvöllur þess að Datacell ehf. gekk til sammings við stefnda um opnun greiðslugáttarinnar og fyrir liggur að allir aðilar þess sammings staðfesta efni hans að þessu leyti auk þess sem stærsti eigandi félagsins, sem er jafnframt forsprakki Wikileaks og helsti talsmaður, hefur lýst því sama yfir. Verður stefnendum ekki gert að færa frekari sönnur á að stefnendur séu réttthafar þeirra hagsmuna sem um er deilt í málinu.

Aðild stefnanda Datacell ehf. byggist á því að hann hafi orðið fyrir tjóni innan samninga, enda hafi hann gert samkomulag við stefnda um opnun greiðslugáttarinnar, sem rift var með ólögðum hætti. Hafi það valdið honum fjárhagslegu tjóni, sem fólgið sé í því að hafa orðið af þeirri þóknun sem honum bar að hljóta af fjárframlögum til stefnanda Sunshine Press Productions ehf. vegna Wikileaks.

Að virtu öllu framangreindu, fyrirmælum 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 og með hliðsjón af þeirri meginreglu réttarfars að efnisréttur ráði aðild að einkamáli, verður hafnað þeim málsástæðum stefnda er horfa til aðildarskorts sóknar í máli þessu. Verður því ekki fallist á kröfu hans um sýknu af þeirri ástæðu. Af sömu ástæðu eru málsástæður stefnda er horfa til umboðspurrðar stefnanda Sunshine Press Productions ehf. haldlausar.

ii.

Sú háttsemi stefnda að loka fyrirvaralaust á greiðslugátt stefnanda Datacell ehf. nokkrum klukkustundum eftir að hún var opnuð 7. júlí 2011 og eftirfarandi riftun á samningi þar um var ólögmæt, eins og slegið var föstu í dómi Hæstaréttar 24. apríl 2013, í máli nr. 612/2012. Beindist sú háttsemi bæði að stefnanda Datacell ehf. og stefnanda Sunshine Press Productions ehf. Gildir þá einu að ekki hafi ríkt samningssamband á milli hins síðarnefnda stefnanda og stefnda, enda ekki skilyrði skaðabótaskyldu að tjóni sé valdið innan samninga. Stefndi vissi eða mátti vita að tilgangur stefnanda Datacell ehf. með opnun gáttarinnar var að opna á fjárframlög til Wikileaks-verkefnisins sem stefnandi Sunshine Press Productions ehf. stendur að baki, eins og áður hefur verið slegið föstu. Eins er ljóst að þegar stefndi lokaði greiðslugáttinni 7. júlí 2011 var það í raun í því skyni að loka á fjárflæði um gáttina vegna vitneskju um að það fjármagn rynni til Wikileaks-verkefnisins. Vissi stefndi því eða mátti vita að háttsemi hans var til þess fallin að valda stefnendum fjárhagslegu tjóni. Er því uppfyllt skilyrði um saknæmi háttsemi í skilningi skaðabótaréttar sem leiðir til bótaskyldu að uppfylltum öðrum skilyrðum sakarreglunnar.

Bakfærslur á viðskiptum stefnanda Datacell þegar greiðslugáttin var opnuð á ný 9. maí 2013 hefur ekki áhrif á mat á saknæmi framangreindrar háttsemi stefnda, svo sem stefndi byggir á. Er sú málsástæða því þýðingarlaus í þessu efni.

Er með þessum röksemdum hafnað þeim málsástæðum stefnda sem lúta að því að háttsemi hans hafi ekki verið saknæm eða ólögmæt.

iii.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu um ólögmæti og saknæmi aðgerða stefnda er næst að gæta að því hvort stefnendur hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem rekja megi til framangreindrar háttsemi stefnda og jafnframt hvort það sé sennileg afleiðing af háttseminni. Sönnunarbyrði um þessi atriði hvílir að meginstefnu á stefnendum.

Fyrir liggur að þegar greiðslugátt stefnda var lokað, rúmlega sjö klukkustundum eftir að hún var opnuð, höfðu 99 styrktarframlög borist í gegnum gáttina, samtals að fjárhæð 3.830 evrur, sem svarar til þess að meðalfjárhæð hvers

framlags hafi verið tæplega 39 evrur. Jafnframt liggur fyrir að það bárust reglubundið styrktarframlög í gegnum greiðslugátt sem stefndi Datacell opnaði í sama tilgangi hjá Kortapjónustunni hf. Sú greiðslugátt var opin frá 26. nóvember til 7. desember 2010 og bárust að meðaltali 35.400 evrur á sólarhring í gegnum hana. Að mati dómsins er engum vafa undirorpið að framlög hefðu haldið áfram að berast í gegnum greiðslugátt stefnda hefði henni ekki verið lokað og jafnframt að með því urðu stefnendur af tekjum. Orsakatengslin eru því skýr og sönnuð að mati dómsins, enda hefur stefndi ekki borið því við að nein önnur atvik á þeim tíma þegar greiðslugáttinni var lokað hefðu getað haft sömu eða lík áhrif. Þá er heldur ekki vafa undirorpið að tjónið var sennileg afleiðing háttsemi stefnda, enda liggur fyrir að markmið hennar var að koma í veg fyrir tekjuöflun stefnanda Sunshine Press Productions sem ætlað var að styrkja starfsemi Wikileaks.

Í þessu sambandi telur dómurinn þýðingarlaust, svo sem stefndi byggir á, að ársreikningar stefnanda beri ekki með sér að þeim hafi borist þær tekjur sem bárust í gegnum greiðslugáttina þann tíma sem hún var opin. Fyrir liggur og er óumdeilt að tekjur bárust stefnanda Datacell ehf. í gegnum greiðslugátt stefnda og jafnframt liggur fyrir samningur milli stefnanda um að Sunshine Press Productions ehf. bæri 95% af þeirri fjárhæð. Hvernig í reynd stefnendur hafi ráðstafað þessum fjármunum eða hvort gerð hafi verið fullnægjandi grein fyrir þeim í bókhaldi og ársreikningagerð stefnanda hefur ekki þýðingu við sönnun á mati á afleiðingum þess að stefndi greip til hinna ólögmetu aðgerða gegn þeim.

Stefndi byggir einnig á því að stefnendur hafi þrátt fyrir framangreint ekki orðið fyrir neinu tjóni þar sem fjölmargar aðrar leiðir hafi staðið opnar til að fjármagna starfsemi Wikileaks. Orsakatengsl séu af þessum sökum ekki á milli háttsemi stefnda og ætlaðs tjóns stefnanda. Jafnframt byggir stefndi á því að með því að nota aðrar greiðsluleiðir hafi stefnendum verið unnt að takmarka eða koma í veg fyrir tjón sitt og af þeim sökum beri að sýkna stefnda af skaðabótakröfu stefnanda. Þessum málsástæðum stefnda er hafnað og eru röksemdir fyrir þeirri niðurstöðu nánar raktar í umfjöllun dómsins um fjárhæð bótakröfu stefnanda.

Jafnframt er hafnað þeirri málsástæðu stefnda að hvað sem öðru líði geti tjón stefnanda aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemi töpuðum tekjum í tvo mánuði. Byggir hann í þessu sambandi á því að honum hafi með lögmetum hætti verið heimilt að segja upp samningi við stefnanda Datacell ehf. með tveggja mánaða fyrirvara samkvæmt almennum skilmálum að baki viðskiptum þeirra. Þessari málsástæðu hreyfði stefndi fyrst við munnlegan flutning málsins. Samkvæmt 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 skulu málsástæður koma fram svo

fljótt sem tilefni er til. Er þessi málsástæða því of seint fram komin og gegn mótmælum stefnenda kemur hún ekki til frekari skoðunar.

iv.

Aðalkrafa stefnenda um greiðslu bóta, samtals að fjárhæð liðlega átta milljarðar króna, er byggð á útreikningum í skýrslu Veritas ráðgjafar slf. á ætluðu tjóni stefnenda vegna lokunar greiðslugáttarinnar hjá stefnda á tímabilinu 8. júlí 2011 til 9. maí 2013 þegar hún var opnuð á ný að gengnum dómi Hæstaréttar í máli nr. 612/2012. Skýrslunnar var einhliða aflað af hálfu stefnenda, án þess að stefnda gæfist kostur á að gæta hagsmuna sinna og koma sjónarmiðum á framfæri við gerð hennar. Verður hún þar af leiðandi ekki talin hafa þýðingu við úrlausn málsins og verður stefndi þegar af þeirri ástæðu sýknaður af aðalkröfu stefnenda. Með sömu rökum er þrautavarakröfu stefnenda hafnað.

Varakrafa stefnenda byggist hins vegar á matsgerð dómkvaddra matsmanna, sem aflað var samkvæmt IX. kafla laga nr. 91/1991 í sérstöku matsmáli nr. M-123/2014, á milli sömu aðila í aðdraganda málshöfðunar í máli þessu. Stefndi byggir hins vegar á því að sú matsgerð hafi ekkert sönnunargildi og beri því að líta fram hjá henni við úrlausn málsins. Ástæður þess eru tvíþættar að mati stefnda, annars vegar að við matsferlið hafi verið brotið gegn jafnræði aðila og hins vegar að forsendur matsgerðarinnar séu haldnar verulegum annmörkum.

Hvað fyrra atriðið varðar, að matmenn hafi ekki gætt jafnræðis og fylgt fyrirmælum IX. kafla laga nr. 91/1991 við framkvæmd matsstarfa, telur dómurinn ljóst að nokkrir hnökrar hafi verið þar á. Í skýrslu fyrir dómi bar matsmaðurinn Russel Lamb að hann hefði hvorki fengið matsbeiðni í hendur né þau gögn sem sögð eru fylgja með matsbeiðninni en með matsbeiðninni voru níu fylgiskjöl. Er þetta ekki í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 62. gr. laga nr. 91/1991. Matsbeiðnin og fylgigögn eru á íslensku og matsmaðurinn enskumælandi. Að réttu lagi hefði matsbeiðandi átt að láta þýða þessi gögn og koma þeim í þeim búningi til matsmanns. Matsmaðurinn bar á hinn bóginn að hinn matsmaðurinn, Jón Scheving Thorsteinsson, hefði þýtt þær upplýsingar sem máli skiptu og þetta hefði því ekki verið til trafala við matsstörfin.

Þá vísar stefndi til þess að matmenn hafi einhliða aflað gagna frá stefnendum og stefnda hafi ekki gefist kostur á að tjá sig um þau gögn. Fyrir liggur að matsgerðin er fyrst og fremst byggð á upplýsingum um raunverulegar færslur til

stefnanda Datacell ehf., annars vegar í gegnum greiðslugátt Kortþjónustunnar ehf. og hins vegar í gegnum greiðslugátt stefnda. Í matsgerðinni kemur fram að þessi gögn hafi borist frá lögmanni matsbeiðanda í formi rafræns gagnagrunns auk þess sem Sigurjón Árnason, starfsmaður Veritas ráðgjafar, hafi lagt þeim til gögn. Þá kemur jafnframt fram í fyrstu neðanmálsgrein matsgerðarinnar að það sem matsmenn telji vera staðreyndir málsins sé byggt á viðræðum við lögmann matsbeiðanda, en af samhengi málsins virðist þar fyrst og fremst átt við efni sammingsins á milli stefnanda.

Ekkert af framangreindum gögnum eru fylgiskjöl með matsgerðinni og matsmenn staðfestu í skýrslu fyrir dómi að hafa átt einhliða samtöl við forsvarsmann annars matsbeiðanda, lögmann þeirra og fleiri aðila á hans vegum. Framangreint er ekki í samræmi við þá grunnreglu sem vinna matsmanna byggist á, að gæta skuli jafnræðis á milli matsbeiðanda og matsþola. Að öðru jöfnu er slíks jafnræðis gætt með því að boða aðila til matsfundar þar sem viðræður og gagnaöflun fer fram en eftir atvikum getur slíkt farið fram eftir öðrum leiðum, að því gættu að allir aðilar séu upplýstir um það sem fram fer. Sé þörf skýringa á matsatriðum er matsmönnum einnig tæk sú leið að óska eftir skýrslutökum fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 62. gr. laga nr. 91/1991.

Á hinn bóginn er þess að gæta að matsmenn héldu einn matsfund. Rituð var fundargerð og hún send bæði matsbeiðanda og matsþola en hún fylgdi ekki með matsgerðinni. Matsmenn greindu frá því fyrir dómi að á fundinum hefðu þau gögn sem þeir unnu með verið kynnt aðilum máls. Stefndi mótmælir þeirri staðhæfingu og kveður umrædda fundargerð ekki varpa neinu ljósi á það hvaða gögnum hann fékk aðgang að á umræddum matsfundi. Fundargerð þessi hefur ekki verið lögð fram fyrir dómi.

Hvað sem líður óvissu um það hvaða gögn það voru sem matmenn kynntu fyrir aðilum máls á umræddum matsfundi liggur fyrir að niðurstaða umdeildrar matsgerðar er fyrst og fremst byggð á greiningu þeirra gagna sem að framan er getið; þ.e. nákvæmra gagna um fjárhæð og fjölda þeirra framlaga sem bærust stefnanda Datacell ehf. í gegnum greiðslugátt Kortþjónustunnar hf. og greiðslugátt stefnda. Þessi gögn hefur stefndi áreiðanlega undir höndum. Annars vegar stafa þau frá honum sjálfum og hins vegar voru þau lögð til grundvallar vinnu yfirmatsgerðar sem hann sjálfur aflaði og ætla verður að hann hafi fengið fullan aðgang að. Verður því ekki fallist á það með stefnda að matsgerðin sé af þessum sökum markleysa, þótt dómurinn fallist á það með stefnda að nokkrir annmarkar séu að þessu leyti á vinnu matsmanna sem rýri sönnunargildi hennar.

Niðurstaða matsgerðarinnar um umfang tjóns stefnanda byggir á tölfræðilegri greiningu þeirra gagna sem matsmenn öfluðu. Svo sem greint hefur verið frá áður byggir niðurstaða á gögnum um greiðslukortaviðskipti á tveimur stuttum tímabilum. Annars vegar tímabili þar sem greiðslugátt hjá Kortþjónustunni hf. var opin og hins vegar þar sem greiðslugátt hjá Valitor hf. var opin. Það kemur óhjákvæmilega niður á trúverðugleika hinnar tölfræðilegu greiningar hve stutt það viðmiðunartímabil er sem notað er til að spá fyrir um ætlað tjón á umtalsvert lengri tíma. Í matsgerðinni eru gögn úr fyrrnefndu greiðslugáttinni notuð til að leiða út dreifingu fyrir færslur almennt til Datacell ehf. en gögn úr síðarnefndu greiðslugáttinni voru notuð til að meta tölfræðilega eiginleika dreifingarinnar, eða miðgildi og staðalfrávik. Gögn að baki greiðslugáttinni hjá Kortþjónustunni hf. spönnuðu dagana 26. nóvember til 7. desember 2010. En þar af voru gögn vegna daganna 29. og 30. nóvember talin ófullnægjandi og voru þeir dagar ekki teknir með í útreikningum matsmanna. Í raun var því verið að nota gögn sem aflað var á 10 daga tímabili til að spá fyrir um 671 dags tímabil. Eins ber til þess að líta að matsmennirnir tóku út öfgakennd gildi úr umræddum gögnum, án rökstuðnings og án þess að velta upp mögulegum áhrifum á svo stutt gagnasafn. Að lokum ber að nefna að matsmenn notuðust ekki við nein tölfræðipróf til þess að renna stoðum undir þá kenningu að ofangreind gögn fylgdu log-normaldreifingu en grundvallarforsenda fyrir reiknilíkan matsmanna er sú að gögnin séu log-normaldreifð. Því hefur ekki verið sýnt fram á að sú forsenda fái staðist.

Þá notuðu matsmenn gögn úr greiðslugáttinni hjá Valitor hf. sem spönnuðu 6 klukkustunda tímabil til að reikna út miðgildi og staðalfrávik fyrir áætlaða dreifingu, eða frá kl. 20.00 til 02.00 dagana 7. til 8. júlí 2011. Tímabilið velja matsmenn sem tímabilið frá því sem almenningur gerði sér grein fyrir tilvist greiðslugáttarinnar til þess tíma sem opinbert væri orðið að gáttin væri lokuð. Tölfræðilegu eiginleikar dreifingarinnar eru þar fengnir út frá tímabili sem spannar fjórðung úr degi og geta því ekki talist fengnir með nægjanlegri nákvæmni. Matsmenn segjast gera sér grein fyrir annmörkum þess að nota svo takmarkaðan tímaramma til að spá fyrir um mun lengra tímabil, en gera ekki frekari grein fyrir mögulegum áhrifum þess á áreiðanleika niðurstöðunnar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið, um veikleika þeirra forsendna sem tölfræðilegir útreikningar matsmanna byggja á, er að mati dómsins ekki unnt að leggja niðurstöðu matsgerðarinnar til grundvallar sem sönnunargagn um umfang tjóns stefnanda.

Þrautþrautavarakrafa stefnenda lýtur að því að dómurinn ákveði stefnendum bætur að álitum. Að framan hefur verið greint frá þeirri niðurstöðu dómsins að stefndi hafi gripið til ólögðra saknæmra aðgerða sem sannað sé að hafi valdið stefnendum tjóni. Tjón stefnenda standi í beinu orsakasambandi við háttsemi stefnda og hafi verið sennileg afleiðing hennar. Með aðgerðum sínum kom stefndi í veg fyrir að stefnendum reyndist unnt að afla fjár í gegnum greiðslugátt stefnda sem átti að renna til stefnanda Sunshine Press Productions ehf. og ætlað var til styrktar starfsemi Wikileaks og greiðslu þóknunar til meðstefnanda. Bæði skýrslu Veritas ráðgjafar slf. og matsgerð dómkvaddra matsmanna var ætlað að sanna umfang tjóns stefnenda. Að framan hefur verið rökstutt af hverju dómurinn telur ekki unnt að leggja niðurstöður þeirra rannsókna til grundvallar ákvörðun um umfang tjónsins.

Engu að síður er að mati dómsins hafið yfir vafa að stefnendur urðu fyrir tjóni og að umfang þess er gríðarlega mikið. Á þeim tíma sem stefndi lokaði greiðslugáttinni var starfsemi Wikileaks í fullum gangi og vakti gríðarlega athygli. Svo sem alkunna er höfðu fyrir tilstilli samtakanna verið birtar umfangsmiklar upplýsingar sem vöktu heimsathygli og vörðuðu almenning miklu. Nægir þar að nefna upplýsingar tengdar Íraksstríðinu, sem birtust í október 2010, og fyrr á því ári upplýsingar um stríðið í Afganistan. Þá liggur fyrir, og er óumdeilt, að alþjóðlegu kortasamsteypurnar höfðu hætt eða neitað viðskiptum við félög sem tengdust Wikileaks og með þeim hætti leitast við að takmarka möguleika þeirra til fjáröflunar með styrktarframlögum frá almenningi. Er óhætt að slá því föstu, með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum, að greiðslukortþjónusta stefnda hafi verið síðasta opna leiðin til að afla fjárframlaga til Wikileaks með almennum greiðslukortum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína m.a. á því að þrátt fyrir lokun á greiðsluþjónustu stefnda hafi stefnendur ekki orðið fyrir tjóni þar sem þeim hafi verið unnt að afla fjár eftir öðrum greiðsluleiðum. Vísa þeir í því sambandi til þess að styrktaraðilar hefðu getað greitt með rafeyri, þ.e. bitcoin eða litecoin, í gegnum greiðslugáttina Carte Bleue sem hefði verið opnuð um mitt ár 2012, eða í gegnum Google Checkout, með tékkum eða millifærslum á reikninga eða PayPal. Vísar stefndi m.a. til þess að bent hafi verið á þessar greiðsluleiðir á heimasíðu Wikileaks.

Jafnvel þótt fallast megi á það með stefnda að líklega hafi verið unnt að afla einhverra fjármuna til styrktar starfsemi Wikileaks eftir þessum greiðsluleiðum er

Því hafnað með eftirfarandi röksemdum að það atriði leiði til þess að bótaréttur stefnanda í máli þessu falli niður eða að bætur verði lækkaðar.

Í fyrsta lagi er málsástæða þessi haldlaus gagnvart stefnanda Datacell ehf. þar sem tjón þess stefnanda fólst í því að missa af tekjum vegna þjónustu við meðstefnanda á grundvelli samnings hans við stefnda.

Í öðru lagi verður framangreindum greiðsluleiðum ekki jafnað til notkunar greiðslukorta. Alkunna er, svo vart þarf að sanna, að greiðslukort eru afar útbreiddur og aðgengilegur greiðslumáti og þeim greiðsluleiðum sem stefndi nefnir verður ekki jafnað til notkunar greiðslukorta. Svo sem áður greinir voru, þegar stefndi rifti samningi við stefnanda Datacell, önnur greiðslukortafyrirtæki þegar búin að loka fyrir styrktargreiðslur til Wikileaks. Var því ekki öðrum fyrirtækjum til að dreifa sem stefnandi Sunshine Press Productions var unnt að beina viðskiptum sínum til með hliðsjón af tilgangi félagsins.

Í þriðja lagi verður, hvað sönnunarbyrði um þetta atriði varðar, að gæta að því að stefndi aflaði yfirmatsgerðar þar sem óskað var eftir að matsmenn tækju tillit til þessara atriða við mat á ætluðu tjóni stefnanda. Í yfirmatsbeiðninni er gagnrýnt að matsmenn hafi ekki skoðað hvaða leiðir stefnendur hafi haft til fjáröflunar fyrir Wikileaks eftir að stefndi lokaði greiðslugátt sinn. Í skýrslu Sigurðar Ingólfssonar og Gylfa Zoëga fyrir dómi báru þessir yfirmatsmenn að þeir hefðu skoðað sérstaklega hvaða leiðir stefnendum hefðu staðið til boða til fjáröflunar fyrir Wikileaks eftir að greiðslugátt stefnda var lokað, hvort unnt væri að líta á ólíkar leiðir sem staðgönguvöru hverja fyrir aðra og hvaða áhrif fjáröflun í gegnum þessar leiðir hefði haft á ætlað tjón stefnanda. Þá kom jafnframt fram í skýrslu Gylfa að yfirmatsmenn hefðu aflað upplýsinga um það hve mikið fé safnaðist í reynd í gegnum þessar greiðsluleiðir. Stefndi hefur kosið að leggja yfirmatsgerðina ekki fram í málinu. Jafnframt hefur hann, með því að afla yfirmatsgerðar, girt fyrir möguleika stefnanda til að afla matsgerðar um sama atriði. Verður hann af þeirri ástæðu að bera sönnunarbyrðina fyrir þeirri staðhæfingu að þessar greiðsluleiðir hafi verið raunhæfar tekjuöflunarleiðir sem líklegar hafi verið og í reynd skilað tekjum með sama hætti og greiðslukortaviðskiptin sem stefndi stöðvaði. Stefndi hefur ekki leitt líkur að því að sú hafi verið reyndin. Er því ósönnuð sú staðhæfing stefnda að aðrar greiðsluleiðir hafi verið raunhæfar leiðir til fjáröflunar sem stefnanda Sunshine Press Productions hafi verið unnt að nota eða hann í reynd notað til að koma í veg fyrir tjón eða takmarka tjón sitt.

Þá byggir stefndi á því að við mat á ætluðu tjóni stefnanda verði að taka mið af því að þegar greiðslugátt stefnda var opnuð á ný 9. maí 2013 hafi borist

óvenjulegur fjöldi bakfærslna. Í yfirmatsbeiðninni er vísað til skoðunar Analytica á þessu atriði, en skýrsla þess fyrirtækis frá 30. maí 2016 liggur fyrir í málinu. Niðurstaða Analytica var sú að á því tímabili sem greiðslugáttin hafi verið opin hafi einungis 14% þeirra fjárhæða sem bærust ekki verið synjað eða þær bakfærðar og í greinargerð stefnda segir að það hafi verið um þriðjungur færslna á tímabilinu sem þannig fór um.

Áður hefur verið rakið að dómurinn telur þetta atriði ekki skipta máli hvað varðar mat á því hvort orsakatengsl séu á milli háttsemi stefnda og ætlaðs tjóns stefnenda. Hvað varðar mat á fjárhæð tjónsins telur dómurinn jafnframt að bakfærslur á þessu viðskiptatímabili veiti litla vísbindingu um það hvaða tekjum stefndur hafi orðið af á því tímabili sem greiðslugátt stefnda var lokað. Í því efni skiptir mestu máli að aðgerðir stefnda voru, í ljósi þess hve takmarkaða möguleika stefndur höfðu til að afla fjár til þeirrar starfsemi sem þeir hugðust reka, til þess fallnar að hafa mikil áhrif á möguleika Wikileaks til að halda uppi reglulegri starfsemi og með því móti byggja upp og viðhalda stuðningi við starfsemina. Þegar greiðslugátt stefnda var opnuð á ný eftir liðlega tveggja ára lokun var umhverfi Wikileaks gjörbreytt. Þótt útilokað sé að meta hver viðgangur starfseminnar hefði orðið ef ekki hefði komið til lokunar stefnda er hafið yfir vafa að þessi háttsemi stefnda raskaði í verulegum mæli rekstrarumhverfi Wikileaks og um leið stefnenda. Af þeim sökum geta atvik sem gerðust eftir að sá skaði var skeður ekki með réttu verið mælikvarði á umfang tjóns stefnenda. Loks er til þess að líta að yfirmatsmenn báru báðir í skýrslu fyrir dómi að þetta atriði hefði verið tekið til rækilegrar skoðunar af þeirra hálfu. Með sömu röksemdum og raktar hafa verið að framan leiðir sú ákvörðun stefnda að leggja yfirmatsgerð ekki fram í dómi til þess að leggja verður sönnunarbyrði á hann varðandi þá niðurstöðu sem ætla má að sé að finna í yfirmatsgerðinni.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið er það niðurstaða meirihluta dómsins að fallast eigi á kröfu stefnenda um greiðslu skaðabóta og að skilyrði til að meta fjárhæð þeirra að álitum sé fyrir hendi. Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari stendur ekki að þeirri niðurstöðu og er sérálit hans rakið í lið *vi*. hér að neðan.

Þegar bætur eru metnar að álitum, svo sem dómurinn telur að gera beri í þessu máli, verður að gæta hófs, enda á ekki að felast í því ávinningur fyrir tjónþola að ekki reynist unnt að sanna umfang tjónsins. Í því efni ber þess að geta að jafnvel þótt margumrædd yfirmatsgerð hefði verið lögð fram er eðli tjóns stefnenda slíkt að það er í reynd erfiðleikum bundið, eða útilokað, að meta umfang þess með vissu.

Einn óvissuþátturinn í því efni er spurningin um það hver viðgangur þeirrar fjölmiðlunar sem rekin er undir nafni Wikileaks hefði í raun orðið þann tíma sem lokun stefnda varði, ef ekki hefði komið til hennar.

Við mat á fjárhæð tjóns stefnenda lítur dómurinn til þess hve lengi lokun stefnda varði, 671 dag, og til þess hve mikill fjöldi greiðslna barst í gegnum greiðslugátt stefnda þann stutta tíma sem hún var opin og hve háar fjárhæðirnar voru að meðaltali. Gáttin sem um ræðir var opin í liðlega 7 klukkustundir og á þeim tíma bárust 99 styrktarframlög með greiðslukortum að heildarfjárhæð 3.830 evrum, sem svarar til u.þ.b. 12.560 evra á sólarhring. Í matsgerð dómkvaddra matsmanna kemur fram að framlög í sólarhring hefðu numið liðlega 20 þúsund evrum ef miðað er við tímabilið frá því tveimur klukkustundum eftir að gáttin var opnuð og þar til opinbert var orðið að búið væri að loka gáttinni. Einnig lítur dómurinn til þeirra framlaga sem bárust í gegnum greiðslugátt Kortþjónustunnar hf. á því tímabili sem sú greiðsluleið var opin í nóvember og desember 2010, en í matsgerð kemur fram að meðaltal fjárframlaga hafi numið 35.400 evrum á sólarhring. Dómurinn fellst hins vegar á þá málsástæðu stefnda að tölfræðilegir útreikningar, þar sem byggt er á svokallaðri log-normaldreifingu gagna, svo sem matsmenn gera í útreikningum sínum, geti ekki verið sönnun fyrir umfangi tjónsins. Vísast til þess sem að framan er rakið í niðurstöðu dómsins um þetta atriði í umfjöllun um sönnunargildi matsgerðarinnar. Auk þess liggur fyrir að matsmenn gerðu ekki fullnægjandi prófanir á því hvort það gagnasafn sem þeir unnu með hefði í raun sýnt fram á að dreifing framlaga hefði fylgt log-normaldreifingu.

Jafnvel þótt framangreind gögn um raunverulega tekjuöflun stefnenda varði stutt tímabil veita þau að mati dómsins óyggjandi vísbendingu um að framlög hefðu haldið áfram að berast eftir sömu greiðsluleið ef gáttinni hefði ekki verið lokað. Stefndi hefur ekki lagt fram nein gögn sem benda til þess að eitthvað annað hefði getað leitt til sömu niðurstöðu. Þá hefur hann, svo sem ítrekað hefur verið rakið, ekki lagt fram matsgerð yfirmatsmanna, sem mátu sömu atriði og metin voru í fyrirbyggjandi matsgerð og gættu að öllum þeim atriðum sem stefndi gerði athugasemdir við í fyrirbyggjandi matsgerð. Þá er því ekki borið við af hálfu stefnda að yfirmatsferlið sé haldin neinum þeim annmörkum í störfum matsmanna sem dómurinn telur að finna megi að. Verður stefndi af þeim sökum að bera hallann af skorti á sönnun um þau atriði sem ætla má að hefði verið unnt að sanna með framlagningu yfirmatsgerðar. Þar á meðal er sú staðhæfing stefnda að stefnendur hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni eða að tjón þeirra sé óverulegt af þeim ástæðum sem að framan eru raktar.

Með hliðsjón af öllu framanröktu er það niðurstaða dómsins að skaðabætur að álitum séu hæfilega metnar til stefnanda Datacell ehf. 60.000.000 krónur og bætur til stefnanda Sunshine Press Productions ehf. 1.140.000.000 krónur. Fyrir liggur samningur aðila um að stefnanda Datacell ehf. hafi borið 5% af þeim fjármunum sem bærust í gegnum greiðslugátt stefnda. Báru forsvarsmenn beggja stefnanda fyrir dómi að það sammingsákvæði bæri að skýra á þann veg að átt væri við hlutfall af þeim framlögum sem bærust að frádreginni umsaminni þóknun til stefnda. Er staðhæfing stefnda um að í reynd hafi verið samið um aðra og lægri þóknun ósönnuð.

Ákvörðun um matsfjárhæð er miðuð við verðlag dagsins í dag og tekur jafnframt mið af því hve langt er um liðið frá tjónsatburði. Frekari krafa stefnanda um vexti og dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögu kemur því ekki til álita.

vi.

Svo sem að framan er rakið stendur Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari ekki að niðurstöðu dómsins í lið v. og er rökstuðningur hans eftirfarandi: Samkvæmt málatilbúnaði stefnanda eiga bótakröfur þeirra í þessu máli rætur að rekja til þess að stefndi Valitor rifti með tölvubréfi, dags. 8. júlí 2011, samstarfssamningi sínum við stefnanda Datacell ehf. frá 15. júní sama árs um greiðslugátt. Til stuðnings málsstað sínum hafa stefnendur að meginstefnu vísað til niðurstöðu dóms Hæstaréttar frá 24. apríl 2013, í máli nr. 612/2011, um að stefnda hafi brostið heimild til að rifta fyrrgreindum samstarfssamningi sínum við stefnanda Datacell.

Þótt kröfur og málsástæður stefnanda verði raktar til sama atviks byggjast kröfur þeirra á ólíkum grundvelli. Þannig hefur stefnandi Datacell vísað til reglna um skaðabótaskyldu innan samninga til stuðnings kröfum sínum, en af málatilbúnaði hans má ráða að hann telji sig eiga rétt til bóta sem svari til þess að stefndi hefði efnt samninginn fyrir sitt leyti. Stefnandi Sunshine Press Productions hefur aftur á móti lýst málsgrundvelli sínum með þeim hætti að hann byggist á reglum um skaðabætur utan samninga.

Þegar horft er til niðurstöðu dóms Hæstaréttar frá 24. apríl 2013 í máli nr. 612/2011 verður að telja ótvírætt að stefndi Valitor hafi brotið gegn sammingsbundnum skyldum sínum gagnvart stefnanda Datacell ehf. með heimildarlausri riftun sinni á samstarfssamningi aðila frá 15. júní 2011 og lokun á

greiðslugátt.

Eins og málatilbúnaður stefnanda Datacell ehf. er úr garði gerður er hins vegar ljóst að bótaréttur hans í málinu hvílir á þeirri forsendu að fallist verði á að meðstefnandinn Sunshine Press Productions ehf. hafi jafnframt orðið fyrir tjóni af völdum háttsemi stefnda Valitors og eigi af þeim sökum bótarétt á hendur stefnda. Þessi forsenda lýsir sér í því að bótakrafa Datacell ehf. byggist á innbyrðis samningi félagsins við meðstefnanda Sunshine Press Productions ehf. frá 10. október 2010, og því ákvæði samningsins að Datacell ehf. eigi rétt á hlutfalli af greiðslum Sunshine Press Productions ehf.

Bótakrafa stefnanda Sunshine Press Productions ehf. byggist hins vegar sem fyrr á því að stefndi hafi með ólögmati riftun sinni á samstarfssamningi sínum við Datacell ehf. bakað sér skaðabótaábyrgð vegna þeirra fjárframlaga sem stefnandi varð af fyrir milligöngu Datacell ehf. og ætluð voru Wikileaks. Í stefnu málsins er raunar einungis vísað almennt til reglna um skaðabætur utan samninga í tengslum við málsástæður Sunshine Press Productions ehf. að þessu leyti. Ekki er í stefnu lýst nánar ástæðum þess hvers vegna stefnandi Sunshine Press Productions ehf. telur skilyrði skaðabótaskyldu samkvæmt sömu reglum vera uppfyllt, og þá einkum að hvaða leyti háttsemi stefnda hafi verið saknæm og ólögmat.

Í ljósi tilvísunar Sunshine Press Productions ehf. til fyrrgreinds samnings meðstefnandans Datacell ehf. og Valitors, sem og dóms Hæstaréttar, þar sem því var slegið föstu að riftun samningsins hafi ekki verið heimil, verður hins vegar ekki dregin önnur ályktun af málatilbúnaði Sunshine Press Productions ehf. en að sú saknæma og ólögmeta háttsemi sem krafa félagsins byggir á hafi verið fólgin í því sem stefnandi telur hafa verið ólögmeta riftun samstarfssamningsins.

Hvað þetta atriði varðar þá er ekki í samstarfssamningnum frá 15. júní 2011 fjallað um skyldur stefnda Valitor gagnvart þriðja aðila á borð við Sunshine Press Productions ehf. sem ekki var aðili að samningnum.

Þrátt fyrir að ekki sé unnt að leggja þann skilning í samstarfssamning Datacell ehf. og Valitor að hann leggi stefnda á herðar neinar samningsbundnar skyldur gagnvart stefnanda Sunshine Press Productions ehf. þá kann efni hans engu að síður að hafa þýðingu fyrir það hvernig leyst er úr málsástæðu hans um skaðabótaskyldu utan samninga. Það hvort stefnandi Sunshine Press Productions ehf. geti átt bótarétt á grundvelli reglna almenna skaðabótaréttarins vegna brots stefnda á umræddum samstarfssamningi ræðst hins vegar af því hversu nán tengsl eru á milli brots stefnda á samningnum og hagsmuna Sunshine Press Productions

ehf. af efndum hans, sem og hversu hátt saknæmisstig stefnda var í því sambandi.

Þegar litið er til gagna málsins og fyrrgreinds dóms Hæstaréttar frá árinu 2013 verður að telja að það liggja nægilega ljóst fyrir að riftun stefnda Valitors á umræddum samstarfssamningi sínum við stefnanda Datacell ehf. hafi verið gerð í þeim tilgangi að girða fyrir fjárframlög til Sunshine Press Productions ehf. og þar með einnig Wikileaks. Þannig var í tölvupósti stefnda, dags. 8. júlí 2011, þar sem stefndi greindi stefnanda Datacell ehf. að hann hefði ákveðið að segja samstarfssamningi aðila upp, tilgreind sú ástæða að uppsögnin væri „vegna brota á almennum viðskiptaskilmálum söluaðila og þeirrar staðreyndar að alþjóðlegu kortasamsteypurnar heimil[uðu] ekki þjónustu sem Datacell sinn[ti] fyrir hönd WikiLeaks og ekki var tilgreind í umsókn.“

Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar frá 24. apríl 2013 í máli 612/2011, lýsti forstjóri stefnda atvikum aðdraganda uppsagnarinnar í skýrslutöku við aðalmeðferð málsins á þann veg að honum hafi verið tjáð „nokkrum klukkutímum eða einhverjum klukkutímum eftir ... að viðskiptin hafi komist á“ að Datacell ehf. væri farið „að taka við færslum frá WikiLeaks í rauninni“. Einnig hafi hann fengið símtal frá starfsmanni VISA Europe, sem hafi upplýst „að þessar færslur frá WikiLeaks væru farnar að streyma í gegnum okkar kerfi“. Þá hafi starfsmaðurinn bent á að danska fyrirtækið Teller A/S, sem veitir þjónustu með greiðslur af debetkortum og kreditkortum, hafi nokkru áður sagt upp viðskiptum við Datacell af samsvarandi ástæðu og spyrði hvað stefndi hygðist gera.

Í dómi Hæstaréttar er því enn fremur slegið föstu að efni sem stefndi fékk í hendur í framhaldi af umsókn stefnanda Datacell ehf. um greiðslugátt hafi greinilega borið með sér til hvers stefnandi Datacell ehf. ætlaði að nota greiðslugáttina og því yrði ekki séð séð að hann hafi haft ástæðu til að reikna með öðru en að efni þetta yrði tekið til skoðunar áður en samstarfssamningurinn kæmi til framkvæmda. Þá sagði með skýrum hætti í dómi Hæstaréttar að með því að stefndi opnaði fyrir aðgang að greiðslugáttinni hafi stefnandi Datacell ehf. mátt leggja til grundvallar að stefndi liti svo á að viðtaka framlaga til Wikileaks félli innan marka þeirrar lýsingar á starfsemi stefnanda, sem fram kom í umsókn hans um greiðslugátt og samstarfssamningi þeirra, og væri samrýmanleg ákvæðum almennra viðskiptaskilmála áfrýjanda.

Af þessum atvikum verður ráðið að stefnandi Sunshine Press Productions ehf. hafi í senn haft svo beina hagsmuni af réttum efndum sammings meðstefnanda Datacell ehf. og stefnda frá 15. júní 2011 og að ásetningur stefnda til að stöðva greiðslur til félagsins og þar með valda því tjóni hafi verið það ríkur að fallast verði

á að Sunshine Press Productions ehf. geti átt rétt til bóta á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttarins vegna sammingsbrots stefnda.

Að þessu sögðu er ég sammála niðurstöðu meirihluta dómsins um að riftun sammingsins og lokun greiðslugáttarinnar hafi leitt til fjárhagslegs tjóns fyrir stefnendur sem stefnendur eigi rétt á að fá bætt, á grundvelli reglna um skaðabætur innan og utan samninga. Ég er enn fremur sammála niðurstöðu meirihlutans um að ekki verði byggt á skýrslum sem stefnendur hafa aflað einhliða við mat á umfangi tjónsins og að matsgerð sem stefnendur öfluðu hafi ekki sönnunargildi vegna þeirra annmarka sem voru á framkvæmd matsins.

Ég er hins vegar ósammála þeirri niðurstöðu meirihlutans að skilyrði séu fyrir því að ákvarða stefnendum skaðabætur að álitum. Tel ég að í því sambandi verði að horfa til þeirrar meginreglu að það er í verkahring tjónþola að sanna fjártjón sitt og að almennt verður ekki vikið frá þeirri reglu nema slík sönnunarfærsla sé bundin sérstökum örðugleikum fyrir tjónþola. Þrátt fyrir að stefndi hafi vissulega girt fyrir möguleika stefnanda á því að afla yfirmats með því að beiðast sjálfur slíks mats án þess að leggja yfirmatsgerðina fram í dómi, verður ekki hjá því litið að stefnendur höfðu engu að síður úrræði til að bregðast við þeim annmörkum sem voru á sönnunargildi þeirrar matsgerðar sem þeir sjálfir öfluðu. Það gátu þeir gert með því að afla nýrrar matsgerðar um þau atriði sem þegar hafði verið lagt mat á samkvæmt 64. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Ekki verður séð að í ákvæðum laga nr. 91/1991, sú lagðar sérstakar hömlur á því að afla sér nýrrar matsgerðar um atriði sem áður hafa verið metin að þessu leyti, svo framarlega sem öflun hennar verður ekki talin bersýnilega tilgangslaus.

Með vísan til þess sem að framan er rakið tel ég stefnendur ekki hafa fært nægilegar sönnur að fjártjóni sínu og að því beri að sýkna stefnda af þrautþrautavarakröfu þeirra.

vii.

Með vísan til 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefnda gert að greiða stefnendum málskostnað. Við ákvörðun þess hvað þykir hæfilega ákveðinn málskostnaður í máli þessu tekur dómurinn mið af því að mál þetta hófst með kröfugerð stefnanda sumarið 2013. Þá lítur dómurinn einnig til þess að stefnandi höfðaði mál þetta í janúar 2015 og lagði síðan fram matsgerð dómkvaddra matsmanna til stuðnings kröfum sínum 17. mars 2016 í enskri þýðingu

og 7. apríl sama ár í íslenskri þýðingu. Greinargerð stefnda var svo lögð fram í málinu 31. maí 2016, en frá þeim tíma hefur málið tafist, að miklu leyti vegna framferðis stefnda í málinu. Þannig hefur málflytningur um kröfur hans um frávísun málsins farið tvívegis fram og verið hafnað af dóminum. Þá lagði stefndi út í öflun yfirmatsgerðar dómkvaddra matsmanna, en vegna hennar þurftu stefnendur eðli máls samkvæmt að gæta hagsmuna sinna, auk þess sem stefndi hefur ítrekað gert réttarfarságreining vegna málsins, án þess að fallist hafi verið á kröfur hans, sem stefnendur hafa eftir sem áður þurft að verjast, meðal annars tvisvar á áfrýjunarstigi. Við ákvörðun um málskostnað er jafnframt til þess að líta að hagsmunir sem um er deilt eru miklir, einkum að því er varðar stefnanda Sunshine Press Productions ehf., og málástæður flóknari að því er þann stefnanda varðar. Að þessu sögðu þykir málskostnaður til handa stefnanda Sunshine Press Productions ehf. hæfilega ákveðinn 14.500.000 krónur og til stefnanda Datacell ehf. 5.200.000 krónur.

Málið fluttu lögmennirnir Jóhann Fannar Guðjónsson fyrir Datacell ehf., Sveinn Andri Sveinsson fyrir Sunshine Press Productions ehf. og Ólafur Eiríksson fyrir Valitor hf.

Mál þetta dæma Ingibjörg Þorsteinsdóttir, héraðsdómari og dómsformaður, og meðdómsmennirnir Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari og Hreggviður Ingason fjármálastærðfræðingur.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Valitor hf., greiði stefnanda, Sunshine Press Productions ehf., 1.140.000.000 króna og stefnanda, Datacell ehf., 60.000.000 króna, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda, Sunshine Press Productions ehf., 14.500.000 krónur en stefnanda, Datacell ehf., 5.200.000 krónur í málskostnað.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Kjartan Bjarni Björgvinsson

Hreggviður Ingason